



## Laust starf hjá Þingeyjarsveit

Þingeyjarsveit auglýsir laust til umsóknar starf umsjónarmanns fasteigna og framkvæmda hjá sveitarfélaginu. Um er að ræða fjölpætt starf sem snýr að umsjón með fasteignum, ýmsum tækjum- og búnaði, snjómokstri, vinnuskóla, ýmsum verkefnum og tímabundnum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Færni í samskiptum og samstarfi
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Góð skipulagshæfni og tölvukunnátta
- Frumkvæðni og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí.

Skriflegar umsóknir berist skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna 650

Laugar eða á netfangið: [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)



## Messa á Einarstöðum

Messa með fermingu verður á Einarstöðum næstkomandi laugardag, 30. apríl, klukkan 14:00.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.

## Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Einarstaðakirkju verður haldinn þriðjudaginn 3. maí kl. 21.00 í Bókasafni Reykdæla Venjuleg aðalfundarstörf. Verið velkomin

Sóknarnefnd Einarstaðakirkju

## Orlofsferð húsmæðra

### í Suður – Þingeyjarsýslu 2016

Ferð til Berlínar 7.-11. okt. 2016

Innifalið er flug frá Akureyri til Berlínar, gisting, morgunverður og íslenskur fararstjóri.

Umsóknir þurfa að berast undirrituðum fyrir 20. maí nk. Fullt verð er 142.900 kr. á konu.

Rétt til orlofsferðar hafa konur sem staðið hafa fyrir heimili án launagreiðslu. Ekki verður farið í ferðina nema að lágmarksfjölda verði náð.

Nánari upplýsingar gefa

Rakel Matthíasdóttir, sími 895– 0321, [srakel@simnet.is](mailto:srakel@simnet.is)

Guðný Þorbergsdóttir sími 845 9828 [holar2@gmail.com](mailto:holar2@gmail.com)

Inga Árnadóttir, sími 862 7717, [thorisstadir@internet.is](mailto:thorisstadir@internet.is)

## Sumarferð

### Eldri borgara í Þingeyjarsveit

Dagana 11.- 14. Júní ætlum við í FEBP í ferðalag um Austurland.

Farið verður frá Ýdölum kl.9:45, frá Breiðumýri kl. 10:00 að morgni þess 11. Júní.

- 1.daginn verður ekið austur á Breiðdal og þar gíst á Hótel Staðarborg í 3 nætur.
2. daginn farið á Djúpavog og Höfn í Hornafirði.
- 3 .daginn farið á Stöðvarfjörð og Fárskrúðsfjörð
- 4 .daginn heimferð um Reyðarfjörð, Eskifjörð og Fagradal.

Áætlaður kostnaður miðað við  
40 þátttakendur verður kr .45.000.-

Staðfestingargjald kr. 25.000.-greiðist á  
1110 26 3337 kt 440708 0210 eigi síðar en 25. maí.  
Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi 20. maí til ferðanefndar

Magga í síma 892 8640  
Begga í síma 464 3570  
Kristján í síma 464 3144/867 7913.

17.tbl.  
28. apríl  
2016  
23. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



SSBÓRKA

VERKÍS  
VERKFRIDSTOFA

### Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW Mat á umhverfisáhrifum Drög tillögu að matsáætlun

Verkís kynnir drög að tillögu að matsáætlun fyrir 9,8 MW vatnsaflsvirkjun í Svartá í Bárðardal fyrir hönd SSB Orku, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Drögin eru birt á [www.verkis.is](http://www.verkis.is) og er almenningur hvattur til að kynna sér þau.

Athugasemdir við drög tillögu að matsáætlun má senda á

[umhverfismal@verkis.is](mailto:umhverfismal@verkis.is), eða í pósti til

Verkís hf.,

b.t. Þórhildar Guðmundsdóttur

Ofanleiti 2

103 Reykjavík

Athugasemdum skal skila eigi síðar en 12. maí 2016.